

Föstudaginn 24. mars 1995.

Nr. 106/1995.

Stefanía A. Sigurjónsdóttir

(Örn Höskuldsson hrl.)

gegn

dóms- og kirkjumálaráðuneytinu

(Ragnar H. Hall hrl.)

Kærumál. Nauðungarvistun. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 10. gr. lögræðis laga nr. 68/1984. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. febrúar sl., þar sem mælt var fyrir um lok nauðungarvistunar sóknaraðila á geðdeild Landspítalans á grundvelli 13. gr. laga nr. 68/1984. Sóknaraðili krefst þess, að „ . . . hnekkð verði úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, dagsettum 27. 2. 1995, og að ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. 2. 1995, um nauðungarvistun sóknaraðila á geðdeild Landspítala tímaþilið 14. 2. 1995 til 27. 2. 1995 verði metin ólögmæt og jafnframt að felld verði úr gildi upphafleg ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um nauðungarvistun hennar“. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Með ákvörðun varnaraðila frá 14. febrúar sl. var sóknaraðili vistuð gegn vilja sínum á geðdeild Landspítalans á grundvelli 3. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 68/1984. Var ákvörðunin á því reist, að hagir sóknaraðila hefðu verið með þeim hætti, að tilvitnuð ákvæði lögræðis laga ættu við. Sóknaraðili bar ákvörðun varnaraðila undir Héraðsdóm Reykjavíkur, er felldi niður nauðungarvistun sóknaraðila með hinum kærða úrskurði. Í forsendum héraðsdómara er að því vikið, að skilyrði hefðu verið fyrir nauðungarvistun sóknaraðila 14. febrúar sl., en ástand hennar hefði breyst eftir þann tíma.

Vistun sóknaraðila á geðdeild Landspítalans er nú lokið. Eru því

ekki fyrir hendi réttarhagsmunir af því, að hinn kærði úrskurður komi til endurskoðunar, sbr. einnig dóm Hæstaréttar 13. september 1993 í málinu nr. 363/1993. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Það athugast, að kröfur sóknaraðila eru ekki þess eðlis, að úr þeim verði leyst í máli um lögmæti nauðungarvistunar, sbr. 4. mgr. 18. gr. laga nr. 68/1984.

Með vísan til 11. gr. laga nr. 68/1984 verður að dæma skipuðum talsmanni sóknaraðila þóknun úr ríkissjóði í kærumáli þessu, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Jóhanns Halldórs-sonar héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
